

Miðvikudaginn 6. mars 1991.

Nr. 94/1991. **Jón Guðmundsson**
 gegn
Rafveitu Hafnarfjarðar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. janúar 1991, sem ásamt kærugögnum barst Hæstarétti 1. mars sl. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til b-liðar 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, beinast ýmsar málsástæður sóknaraðila gagngert að ríkissjóði sem eiganda landspildu þeirrar, sem um ræðir í málinu. Því er meðal annars haldið fram, að landbúnaðarráðuneytið hafi með ráðstöfun spildunnar til varnaraðila „þverbrotið eðlilegar stjórnvaldsreglur“ og hún hafi verið óheimil samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Að svo vöxnu máli verður að telja, að ríkissjóður eigi svo verulegra hagsmuna að gæta í málinu og svo nátengdra hagsmunum varnaraðila í því, að laganauðsyn hafi borið til að stefna honum til beinnar aðildar að málinu með varnaraðila, sbr. 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Samkvæmt því og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. janúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Guðmundsson, 040849-5999, Gimli, Garðabæ, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 29.12.

1989, á hendur Sigurði Emilssyni, 220931-3589, Þúfubarði 3, Hafnarfirði, stjórnarformanni Rafveitu Hafnarfjarðar, 410272-2599, Strandgötu 6, Hafnarfirði, f.h. rafveitunnar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi lögbann fógetaréttar Garðabæjar, álagt 27.12. 1989, við framkvæmdir Rafveitu Hafnarfjarðar á leigulóð stefnanda við Álftanesveg í Garðabæ, en úrskurðarorð fógeta hljóði svo:

„Umbeðið lögbann er lagt á framkvæmdir Rafveitu Hafnarfjarðar á lóð gerðarbeiðanda úr landi Pálshúsa í Garðabæ.“

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að fjarlægja mannvirki það, er þegar hefur risið á lóð stefnanda, og færa lóðina í fyrra horf, allt að viðlögðum dagsektum, kr. 10.000 á dag, frá dómsuppsögudegi til fullnustudags.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ sem og kostnaðar við lögbannið, sem beri sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur skv. vaxtalögum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá er krafist virðisaukaskatts á tildæmda málflutningsþóknun stefnanda.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, að stefnda verði bætt allt það tjón, sem hann hafi orðið fyrir vegna lögbannsins, og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Mál þetta var áður munnlega flutt og dómtekið 20. júní sl.

Niðurstaða réttarins.

Leigusamningur jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins og stefnda um hluta þess lands, sem leigt hafði verið stefnanda til 30 ára, er byggður á heimild í 9. gr. leigusamnings stefnanda og landbúnaðarráðherra. Með fyrrgreinda samningnum eru leiguréttindi stefnanda skert sem nemur umræddum lóðarskika, en þau réttindi fengin stefnda í hendur.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að framkvæmdir stefnda séu ólögmar, þar sem landbúnaðarráðuneytið hafi ekki gætt réttra stjórnvaldsreglna, er lóðarskikinn var leigður stefnda. Það hafi ekki tilkynnt stefnanda um leiguna til stefnda, ekki gefið stefnanda kost á að gæta hagsmuna sinna, ekki boðið fram bætur vegna lóðarskerðingarinnar eða fengið dómkvadda óvilhalla menn til mats skv. 9. gr. leigusamnings þess við stefnanda. Ráðstöfun ráðuneytisins á lóðarskikanum hafi því verið ólögmar og í andstöðu við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi vill með lögbanni sínu hindra stefnda í því að neyta þess réttar,

sem honum var veittur með leigusamningi sínum við landbúnaðarráðuneytið, aðallega vegna þeirrar aðferðar, sem ráðuneytið viðhafði við gerð síðari leigusamningsins og stefnandi telur ólögmæta.

Með því að dómur í þessu máli myndi eingöngu binda aðila málsins, en málsúrslit kynnu að velta á mati á lögmæti aðgerða landbúnaðarráðuneytisins vegna leigunnar til stefnda, verður að telja ráðuneytið eiga það mikilla hagsmuna að gæta í máli þessu og réttindi þess og stefnda svo samofin, að dómurinn telur brýna nauðsyn hafa borið til skv. 46. gr. laga nr. 85/1936 að stefna landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins í máli þessu ásamt stefnda. Þar sem það var ekki gert, ber með vísan til ofangreindrar 46. gr. þegar af framangreindum ástæðum að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður dóm þennan upp.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málkostnaður fellur niður.
